

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning í Sveitarfélaginu Hornafirði

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr.

Tilgangur sérstaks húsnæðisstuðnings

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður til viðbótar við almennar húsnæðisbætur í þeim tilgangi að aðstoða fjölskyldur og einstaklinga sem vegna lágra tekna, þungrar framfærslubyrðar og félagslegra erfiðleika eiga erfitt með að verða sér úti um húsnæði eða greiða almennt leiguverð.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er veittur á grundvelli 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og greiddur skv. reglum þessum að uppfylltum skilyrðum 3. gr. reglnanna.

Ekki er heimilt að greiða sérstakan húsnæðisstuðning til námsmanna sem eru í lánshæfi námi frá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

II. Kafli

Umsókn og skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings

2. gr.

Umsókn

Sótt er um sérstakan húsnæðisstuðning til félagssviðs Hornafjarðar. Umsókn skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði og undirrituð af heimilismönnum, 18 ára og eldri, til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn. Umsóknir sem berast fyrir 15. dag mánaðar skulu afgreiddar fyrir næstu mánaðarmót og skal niðurstaða kynnt umsækjanda.

Hafi umbeðin gögn skv. eyðublaði ekki borist 45 dögum frá umsóknardegi er umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum ef töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

Ekki er hægt að sækja um sérstakan húsnæðisstuðning afturvirktt og verður umsókn að berast í þeim mánuði sem sótt er um.

3. gr.

Skilyrði fyrir samþykki umsóknar

Við vinnslu umsóknar skal leita upplýsinga m.a. um félagslegar aðstæður, lögheimili, tekjur og eignir. Umsækjandi þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn öðlist gildi.

- Umsækjandi uppfyllir öll skilyrði um almennar húsnæðisbætur og hefur sótt um slíkar greiðslur til Greiðslustofu húsnæðisbóta.
- Umsækjandi á lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði þegar sótt er um.
- Umsækjendur skulu vera orðnir 18 ára á umsóknardegi.
- Að samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, séu undir efri mörkum skv. viðmiðum 5. gr.

5. Að samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 5.126.000 kr.

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrði nr. fjögur og nr. fimm ef umsækjandi er að glíma við verulega félagslega erfiðleika að mati starfsmanns félagssviðs Hornafjarðar. Slíkt mat skal endurtekið eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti og ef aðstæður umsækjanda breytast að mati starfsmanns skal undanþágan endurskoðuð.

III. kafli

Fjárhæð og greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

4. gr.

Fjárhæðir sérstaks húsnæðisstuðnings

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af almennum húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar kr. 1.000,- fær leigjandi kr. 900,- í sérstakan húsnæðisstuðning.

Almennar húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals kr. 70.000,- og aldrei farið yfir 75% af leigufjárhæð.

Sérstökum húsnæðisstuðningi verður ekki beitt til að greiða niður húsaleigu umfram það viðmið að leigjandi beri kr. 35.000,- í kostnað af húsaleigu.

5. gr.

Áhrif tekna á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miðað við neðangreind tekjumörk miðað við fjölda heimilismanna. Miðað skal við sömu tekjur og liggja til grundvallar ákvörðun almennra húsnæðisbóta hverju sinni.

Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekju- mörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekju- mörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	3.100.000	3.875.000	258.333	322.917
2	4.100.000	5.125.000	341.667	427.083
3	4.800.000	6.000.000	400.000	500.000
4 eða fleiri	5.200.000	6.500.000	433.333	541.667

6. gr.

Greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings

Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist umsækjanda í fyrstu viku hvers almanaksmánaðar og eru greiddar eftir á fyrir leigutíma undanfarandi almanaksmánaðar eða hluta úr almanaksmánuði, hefjist leigutími síðar en fyrsta dag almanaksmánaðar eða ljúki fyrir síðasta dag almanaksmánaðar. Samningur sem kann að vera í gildi milli umsækjanda og leigusala eða þriðja aðila um fyrirframgreiðslu húsnæðiskostnaðar breytir engu hér um.

Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður frá og með næstu mánaðamótum eftir að skilyrði reglna þessara eru ekki lengur uppfyllt. Í þeim tilfellum skal félagssvið Hornafjarðar tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fella niður greiðslur og upplýsa um hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal þó falla niður frá og með þeim degi sem leigusamningur fellur úr gildi.

Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning gildir fyrir viðkomandi almanaksár og skal endurnýjuð árlega með skriflegum hætti og er það á ábyrgð umsækjanda að endurnýja umsóknina sína.

IV. kafli

Húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

7.gr.

Húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og nemur 50% af leigufjárhæð.

Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns. Húsnæðisstuðningur sem veittur er skv. 9. gr. er samþykktur svo lengi sem viðkomandi leigusamningur gildir.

Heimilt er að greiða út húsnæðisstuðning skv. 9. gr. fyrir hverja önn gegn framvísun greiðslustaðfestingar frá viðkomandi heimavist eða námsgörðum.

Ákvæði 1.-8. gr. reglna þessara gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

V. kafli

Endurnýjun umsóknar, upplýsingaskylda og endurskoðun ákvörðunar

8. gr.

Endurnýjun umsókna

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ákvarðaður út viðkomandi almanaksár. Viðtakandi sérstaks húsnæðisstuðnings verður að fullnægja öllum skilyrðum 3. gr. allt það tímabil sem ákvörðun um bætur gildir.

Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt verður greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings hætt frá og með næstu mánaðarmótum.

9. gr.

Upplýsingar um aðstæður

Viðtakandi sérstaks húsnæðisstuðnings skal strax gera grein fyrir öllum breytingum sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á rétt hans til greiðslna skv. reglum þessum.

Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt verður greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings hætt frá og með næstu mánaðarmótum.

10. gr.

Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var. Félagssviði Hornafjarðar er heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá síðar tilkomnum sérstökum húsnæðisstuðningi til sama aðila á næstu tólf mánuðum eftir endurskoðun.

Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærri fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber félagssvið að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

11. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur og getur félagssvið Hornafjarðar endurkrafið umsækjanda um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Leiði athugun í ljós að umsækjandi um sérstakan húsnæðisstuðning hafi fengið greidda hærri fjárhæð en hann átti rétt á samkvæmt reglum þessum ber umsækjanda að endurgreiða þann mismun sbr. 10. gr. reglna þessara.

VI. kafli

Málsmeðferð

15. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning.

16. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn félagssviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálanefndar Hornafjarðar.

17. gr.

Kynning á ákvörðun um rétt til sérstakra húsnæðisbóta

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til stjórnáskýslulaga nr. 37/1993, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglna Sveitarfélagsins Hornafjarðar um sérstakan húsnæðisstuðning.

18. gr.

Málskot til félagsmálanefndar og úrskurðarnefndar velferðarmála

Heimilt er að bera synjun um sérstakan húsnæðisstuðning í heild eða hluta undir félagsmálanefnd Hornafjarðar og skal það gert skriflega og eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar Hornafjarðar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt ákvörðun félagsmálanefndar.

19. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi þann 1. janúar 2017. Jafnframt falla þá úr gildi reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um sérstakar húsaleigubætur.

Ákvæði til bráðabirgða

I. Þær umsóknir um sérstakar húsaleigubætur sem í gildi eru við gildistöku reglna þessara munu gilda út janúar mánuð verður greitt fyrir janúar mánuð sbr. eldri umsóknir.

II. Greiðslur falla niður ef umsækjandi, sem á samþykkaða umsókn um sérstakar húsaleigubætur skv. eldri reglum leggur ekki fram umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning fyrir 15. febrúar 2017.

Samþykkt í félagsmálanefnd 13. desember 2016.

Samþykkt í bæjarráði 19. desember 2016.